

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Leiðsagnarmat í skólastarfi

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Verkmenntaskólinn á Akureyri

Nafn verkefnisins: Leiðsagnarmat í skólastarfi

Nafn verkefnisstjóra: Jóhannes Árnason

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS6. 2017-2018

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: Í aðalnámskrá framhaldsskóla (2011) segir að leggja skuli áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur eiga reglulega samtál við kennara sína með það fyrir augum að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Leiðsagnarmat er fjölbreytt og í raun má segja að allt sem fram fer í námi og leiðir til þess að nemandi metur eigin stöðu sé leiðsagnarmat. Í nýrri námskrá Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA) er gert ráð fyrir lokaverkefni á seinasta námsári, óháð námsbraut. Á vorönn 2018 munu lokaverkefnisáfangar fara af stað í fyrsta skiptið samkvæmt nýrri námskrá. Í lokaverkefnisáföngum er mikil áhersla lögð á sjálfstæð og skapandi vinnubrögð, markmiðasetningu og áætlanagerð. Í skóla eins og Verkmenntaskólanum á Akureyri, sem samanstendur af bók- og verknámi, er ljóst að viðfangsefni lokaverkefna nemenda og matsaðferðir eru fjölbreyttar. Í aðdraganda haustannar 2017 og út skólaárið 2017-2018 mun fara fram þróun á áfanganum með sérstakri áherslu á leiðsagnarmat. Óskað er eftir styrk til að þróa námsmat í lokaverkefnisáföngum skólans.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði: Á haustönn 2017 var fundað með umsjónarmönnum lokaverkefnisáfanga í Menntaskólanum á Akureyri, þeim Loga Ásbjörnssyni og Lindu Magnúsdóttur, en þar er komin reynsla á kennslu lokaverkefnis. Þau lögðu m.a. áherslu á viðtöl við nemendum og hversu gagnleg þau eru til leiðsagnar. Fundað var með aðilum frá Háskólanum á Akureyri (HA), þeim Grétari Þór Eypórssyni, Andreu Hjálmsdóttur og Kjartani Ólafssyni. Í samtalinu við þau kom m.a. fram að þeim finnst að nemendur eigi erfitt með að lesa rannsóknargreinar og að þau ofmeti oft á tíðum enskukunnáttu sína. Fram kom í máli þeirra að eitt það besta sem VMA geti gefið nemendum, sé traust á að þau geti gert hlutina ef þau hafa tíma til þess og hafi trú á sjálfum sér. Allir nemendur sem hefja nám í HA fara í aðferðafræðiáfanga á fyrsta misseri. Fundað var með fag- og brautarstjórum í VMA. Það er samhljóma álit fag- og brautarstjóra í VMA að nemendur þurfi að tileinka sér ákveðin vinnubrögð áður en kemur að háskólagöngu, lokaverkefnisáfangarnir eru mikilvægur þáttur til að ná færni í þeim vinnubrögðum sem háskólinn krefst af nemendum. Fagstjórar höfðu áhyggjur af því að kennara gæti vantað faglega þekkingu á efnistöfum til að fara yfir einstaka verkefni. Lögð var áhersla á það að verið var að rýna í vinnubrögð, fyrst og fremst og kenna nemendum að vinna heimildaritgerðir og grunn í akademískum vinnubrögðum.

Á vorönn 2018 voru tveir hópar í lokaverkefnisáfangi í bóklegu námi, alls 33 nemendur. Hópastærðin var mjög hentug til leiðsagnarmats, en 15 nemendur voru í öðrum hópnum og 18 í hinum. Nemendur fengu kennslu 2x80 mínútur á viku og voru báðir hópar á sama tíma í stundatöflu, með sitthvorn kennarann. Nemendur voru teknir í viðtöl af kennara þrisvar sinnum yfir önnina, og fengu þess á milli leiðsögn í kennslustundum.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins: Þar sem styrkuppheðin sem samþykkt var, var töluvert lægri en sótt var um, komu ekki eins margir aðilar að vinnu verkefnisins og gert var ráð fyrir í upphafi. Ákveðið var að einblína á að vinna að lokaverkefnum bóknámsbrauta, enda var ekki komin reynsla á það líkt og lokaverkefni iðn- og starfsnámsbrauta. Af þeim sökum fór lítil vinna fram þvert á deildir eins og lagt var upp með í umsókninni. Ekki var ráðist í að fá utanaðkomandi aðila til að halda námskeið fyrir starfsfólk um leiðsagnarmat, enda er það kostnaðarsamt.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins: Óljóst var í upphafi verkefnis hvaða nemendur myndu taka lokaverkefnisáfangann á vorönn 2018, en námsstaða nemenda er mismunandi og lá val nemenda ekki fyrir fyrr en um miðja haustönn 2017. Þá fyrst var hægt að sjá hversu margir hóparnir yrðu og fara í að finna kennara fyrir hópana. Nemendur í áfanganum voru af fjórum námsbrautum, náttúruvísindabraut, félags- og hugvísindabraut, íþrótt- og lýðheilsabraut ásamt viðskipta- og hagfræðibraut. Þetta gerði það að verkum að kennurum lokaverkefnisáfangans fannst þeir ekki hafa faglegar forsendur til að yfirfara efnistökk allra verkefna.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Jákvæðasta afleiðing verkefnisins er ánægja nemenda með lokaverkefnið og þann undirbúning sem það veitir þeim fyrir framhaldið. Eins hefur vinnan að lokaverkefnisáföngunum leitt til þess að horft er í auknum mæli á þjálfun í þeim vinnubrögðum sem um ræðir í áföngum á fyrri stigum og hvernig hægt sé að viðhalda stöðugri þróun þekkingar og færni frá fyrstu stigum náms þar til í lokaverkefni er komið.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Eins og kemur fram hér að ofan þá hefur verkefnið leitt til þess að þeir sem að því koma hafa farið að huga í enn meira mæli að þeim vinnubrögðum sem nemendur þurfa að tileinka sér. Það er síðan von okkar að aðkoma fleiri kennara úr ólíkum greinum, sem áætluð er á

haustönn 2018, muni leiða til frekari þróunar í þessa átt.

Niðurstöður verkefnisins: T.d eftirfarandi og/eða annað sem við á varðandi niðurstöður verkefnisins.

Hefja mætti þverfaglega vinnu innan skólans sem miðar því að kennarar komi sér saman um sameiginlegan gátlista fyrir nemendur sem þeir geta haft til hliðsjónar við vinnu verkefnanna. Með þessu er átt við að kennarar í VMA koma sér saman um ákveðnar kröfur sem eru gerðar til ritunarverkefna sem þessara - settar fram á skýran og auðlæsilegan hátt. Þó er eðlilegt að ákveðinn blæbrigðamunur sé á milli fræðasviða, enda eru kröfurnar oft og tíðum mismunandi á milli greina.

Nauðsynlegt er að endurmeta aðkomu faggreinakennara að áfanganum. Við teljum mikilvægt að ákveðnir fagkennarar verði nemendum innan handar um efnislega umfjöllun, samþykkt rannsóknarspurningar og heimilda, ásamt því að meta verkið efnislega til einkunnar. Umsjónarkennari áfangans gæti sinnt áfanganum og haldið utan um skipulag hans og framvindu, en það er ljóst að nemendur, óháð því hvaða braut þeir koma af, virðast hafa þörf fyrir stuðning og aðhald í ferli sem þessu. Það er einnig gott að hafa í huga að nemendur þurfa að velta því fyrir sér fyrir á námsferlinum hvaða verkefni þau vilja vinna að í lokaverkefnisáfanganum. Mögulega gætu þeir hagað vali á áföngum að einhverju leiti með tilliti til þessa.

Þar sem þessi áfangi er í kjarna á öllum stúdentsprófsbrautum þá er vert að kennarar innan brautanna sýni verkefnum áhuga, nemendum stuðning og hvatningu þannig að við getum stuðlað að jákvæðri menningu gagnvart þessum áfanga innan skólans.

- Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.

Þegar á heildina er litið gekk kennsla og framkvæmd áfangans vel. Strax í upphafi annar var lögð áhersla á að nemendur ákvæðu verkefni sem allra fyrst. Nemendur fengu viðtal með kennurunum í fyrstu/annari viku annar þar sem ræddar voru væntingar nemenda, áhugasvið og línur lagðar fyrir mögulegt verkefni. Þá fengu nemendur kynningu á bókasafninu á rafrænum gagnasöfnun og heimildaleit ásamt því að kennara nýttu sína hvora kennslustundina til þess að fara yfir helstu atriði sem skipta máli í ritgerðarsmíð, rannsóknarvinnu ásamt því að eigindlegar og megindlegar rannsóknaraðferðir voru kynntar. Ekki var lögð sérstök áhersla á að kenna aðferðirnar, enda er litið svo á að þegar í lokaverkefnisáfangann er komið eigi nemendur að hafa vald á því að vinna verkefni sín nokkuð sjálfstætt og standa klár á grunn aðferðarfræði.

Að þessari fyrstu lotu lokinni fóru nemendur af stað og unnu verkefni sín sjálfstætt en með stuðningi kennara. Kennslustundir urðu í raun að vinnutímum það sem eftir var annar. Fjórar

vörður voru settar í ferlinu, það er, nemendur þurftu að skila hluta verkefnisins þrisvar sinnum auk þess að skila verkáætlun, áður en kom að lokaskilum. Að þessu sinni voru skilin ekki metin til einkunnar en kennarar mæla með því að það verði gert í næstu skipti þegar áfanginn verður kenndur.

Nemendur kynntu verkefnin sín á lokaverkefnisdegi þann 25. apríl 2018 og gekk dagurinn með eindæmum vel. Allir nemendur kynntu og unnu nokkrir nemendanna mikinn sigur þar sem þeir náðu að yfirvinna kvíða þegar þau kynntu verkefnin sín fyrir fullum sal samnemenda. Nemendur fengu veitingar og lögðu kennarar ríka áherslu á að þetta væri uppskeruhátíð þeirra og nú væru þau að fagna vinnu annarinnar og uppskera í lok námsins til stúdentsprófs.

Val nemenda á verkefnum var afar fjölbreytt allt frá því að fjalla um erfðir sauðalita til þess að fjalla um áhrif barokktímans á nútímatónlist út í það að skoða algengi fæðuofnæmis og óþols meðal nemenda í VMA.

- Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Markmið verkefnisins var að þróa lokaverkefnisáfangana sem byggði á leiðsagnarmati. Áfanginn er enn í þróun, enda skólastarf síbreytilegt. Nokkrar breytingar voru gerðar á námsáætlun áfangans á milli vor- og haustanna 2018, en áætlun fyrir vorönn 2018 má sjá [hér](#), og námsáætlun fyrir haustönn 2018 má sjá [hér](#). Áfangaheitið er LOVE3SR05. Í námsáætlun haustanna má glögglega sjá að gengið er enn lengra með leiðsagnarmatið en á vorönn 2018, en nemendum er ætlað að skila drögum að ritgerð þrisvar sinnum áður en kemur að lokaskilum, og öll skil gilda til einkunnar. Áfram eru nemendur teknir í viðtöl þrisvar yfir önnina. Til þess að markmið verkefnisins hefðu náðs að fullu hefði verið ákjósanlegt að fara í þá þverfaglegu vinnu sem lagt var upp með í upphafi, og sýna og segja frá, læra af iðn- og starfsnámsbrautum þar sem löng hefð er fyrir lokaverkefnum.

- Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Já, lokaverkefni er á öllum brautum skólans sem hafa skilgreind námslok á 3. hæfniprepi, skv. nýjum námskrám. Námsáætlanir lokaverkefna er hægt að sjá á heimasíðu skólans <https://www.vma.is/is/namid/namsaaetlanir-1>

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Áfram er unnið að þróun lokaverkefnisáfangana í skólanum, á öllum brautum. Vonir standa til að þverfagleg vinna á milli deilda muni fara fram á yfirstandandi skólaári. Kynningar á lokaverkefnum nemenda eru auglýstar innan skólans og opnar öllu starfsfólki hans.